

Viðbragðsáætlun vegna ytra mats 2013-2014 Stóru-Vogaskóli

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir	Upphaf framkvæmda	Lok framkvæmda	Ábyrgð á framkvæmd	Staðan í júní 2014
Stjórnun:					
Vinna eineltisáætlun og verklagsreglur í ágreiningsmálum starfsfólks:	Unnin verður eineltisáætlun og verklagsreglur í ágreiningsmálum starfsfólks	maí 2014	október 2014	Skólastjórnendur	Byrjað
Vinna markvisst að því að byggja upp lýðræðisleg vinnubrögð með nemendum og efla þá til virkrar þátttöku í umræðum og ákvörðunum:	Fundir í stjórn nemendafélags með nemendum og stjórnendum, undirbúningur undir skólaráðsfundi	apríl 2014	maí 2015	Skólastjórnendur	Byrjað
Skipuleggja tímasetningar í stundatöflu með þeim hætti að nemendur hafi nægjanlegt	Farið var í þessar aðgerðar í janúar og er þeim lokið	Janúar 2014	Janúar 2014	Skólastjórnendur	Búið

svigrúm/tíma til að komast í og/eða úr kennslustundum í íþróttum og sundi:					
Endurskoða skólareglur og meðferð agamála með tilliti til nýrrar reglugerðar:	a)viðbragðsáætlun og áætlun um meðferð agamála tilbúin Skólareglur endurskoðaðar í ágúst og september , með nemendum og starfsmönnum.	Ágúst 2014	September 2014	Kennarar og skólastjórnendur	
Efla hlut skólaráðs sem virks samráðsaðila við stjórnun skólans og stefnumótun:	Tíðari fundir. Síðastliðin ár hafa verið haldnir tveir fundir á hverju skólaári, stefnum að því að hafa fundi einu sinni í mánuði á vorönn 2014 og næstu skólaár og að undirbúa nemendur í skólaráði sérstaklega fyrir fundina m.þ.a. fara yfir gögn þeirra mála sem fylgja og rökræða við þau.	Maí 2014	Engin lok Skoðað í maí 2015	Skólastjóri	Byrjað
Vinna skólanámskrá og starfsáætlun samkvæmt	Síðastliðin þrjú ár höfum við verið að vinna að	Haustið 2011	Júní 2014	Skólastjórnendur, kennarar.	Næstum lokið

Ákvæðum 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla:	nýrri skólanámskrá út frá nýrri aðalnámskrá. Sú vinna hefur farið fram í samstarfi við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og skólana í Hafnarfirði.				
Nám og kennsla:					
Huga þarf að námi og námsframvindu í ljósi niðurstaðna samræmdra könnunarprófa:	a)Er í stöðugri vinnslu	Í skólabyrjun, 28.ágúst verður kynning fyrir foreldra þar sem kynnt verður fyrirkomulag á samræmdum prófum og hvernig unnið er með niðurstöður og foreldrar boðaðir til fundar með nemendum aftur þegar niðurstöður	Engin ákveðin verklok þar sem verkefnið er alltaf í vinnslu. Skoðað haustið 2015 eftir samræmdu prófin	Kennarar og skólastjórnendur	Byrjað

		liggja fyrir.			
	b) Námskeið í sumar: „Leikum og lesum”. Skólinn ætlar að bjóða þeim nemendum sem ná ekki lágmarksviðmiðum í Leið til læsis prófum upp á lestrarnámskeið í sumar sem tengt verður leikjanámskeiði barnanna, eina viku í júní og eina viku í ágúst.	Júní 2014	Ágúst 2014	Kennari og skólustjóri	Byrjað, sendi með stutta fréttatilkynningu um verkefnið-til gamans☺
	c) Lestrarstefna skólans unnin í haust, undirbúningur er hafinn, boðum foreldra á málþing í október og vinnum á sama hátt og gert var með heimanámsstefnu	Apríl 2014	Janúar 2015	Kennarar og skólustjórnendur	Byrjað
Efla og auka þarf þátttöku nemenda við ákvarðanatöku vegna eigin náms og í skólastarfi almennt. Nota áætlanir markvisst með nemendum til að	a) Brugðist er strax við veikleikum nemenda með einstaklingsáætlunum, fá þá í auknu mæli inn í þá vinnu.	Janúar 2014	Maí 2015	Kennarar	Byrjað

<p>skipuleggja nám þeirra og kennslu og virkja nemendur við að meta eigin námsframvindu:</p>					
	<p>b) Námskeið frá Mentor í ágúst:</p> <p>„Námsáætlanir og sjálfsmat nemenda Mentor hefur síðasta árið verið að þróa nýja og öfluga einingu í takt við þær áherslur sem settar eru fram í nýrri aðalnámskrá. Þar geta kennarar útbúið námsáætlanir þar sem þeir geta sett fram skýr viðmið um hæfni sem síðan bæði kennarar og nemendur geta metið. Um er að ræða bættu framsetningu og aukna möguleika í upplýsingamiðlun til nemenda og foreldra sem og innan skólans. Áætlanir sem búnar eru</p>	<p>Ágúst 2014</p>	<p>Maí 2015</p>	<p>Kennarar og skólastjórnendur</p>	

	<p>til eru aðgengilegar innan skólans og það er hægt að deila áætlun á milli skóla sem hefur í för með sér mikinn vinnusparnað fyrir kennara. Með notkun þessarar einingar geta nemendur verið virkir þátttakendur í námsmati.”</p>				
<p>Endurskoða hvernig kosið er í nemendaráð:</p>	<p>Nemendafélagið (nemendaráð) setji sér skýrar reglur um starfsemi sína og m.a. hvaða áhrif það hefur á setu þeirra í stjórn ef meðlimir brjóta skólareglur (t.d. drykkja, reykingar o.fl.). Stjórn félagsins kynni þær síðan vel fyrir nemendum sem kjósa síðan í stjórn. Tilgangurinn er að gera nemendur ábyrga, þau kjósa stjórnina og sitja uppi með það sem þau kjósa, eins og í öllum lýðræðislegum kosningum. Dómnefnd</p>	<p>Mars 2014</p>	<p>Október 2014</p>	<p>Nemendur, kennarar</p>	<p>Byrjað</p>

	sem hafði jafngild atkvæði og nefndin verður lögð niður.				
Nýta upplýsingatækni meira í námi og kennslu:	Tölvuumsjón með tölvum og I-pöðum og tölvukennslu þar sem áhersla verður lögð á að flétta upplýsingatækni inn í kennsluáætlanir til að tryggja notkun	Ágúst 2014	Maí 2015	Kennarar	
Efla fjölbreytni í kennsluháttum með það að markmiði að efla virkni, ábyrgð og samvinnu nemenda og möguleika á að mæta þörfum allra innan bekkjarumhverfis:	Í mótun er lestrarstefna þar sem áhersla er á fjölbreytta kennsluhætti t.d. PALS, en kennarar skólans hafa farið á námskeið í þeirri aðferð og hafa verið að tileinka sér þá vinnu. Framhald verður á því.	Janúar 2014	Vor 2015 og framhald	Kennarar og skólastjórnendur	Byrjað
Innra mat:					
Vinna að gerð langtímaáætlunar um innra mat sem tekur til helstu þátta	Unnin verður 3 ára áætlun í haust sem verður tilbúin í lok	Ágúst 2014	Nóvember 2014	Skólastjórnendur	

skólastarfsins:	nóvember.				
Leita leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku allra kennara sem og í kennsluháttum:	Vettvangsheimsóknir kennara á haustönn sbr. 2012, en þá fóru kennarar markvisst vettvangsheimsóknir, unnu saman í þörum og gáfu endurmat. Sumir fóru í aðra skóla, mikil ánægja með þá vinnu	September 2014	Janúar 2015	Kennarar og skólastjórnendur	
	Vettvangsheimsóknir skólastjórnenda verði með reglulegum hætti og tímasettar	Ágúst 2014	Maí 2015	Skólastjórnendur	
Huga að stofnun matsteymis skipuðu fulltrúum allra hagsmunaaðila varðandi ákvarðanir um áherslur og forgangsröðun í innra mati. Kynna niðurstöður innra mats með formlegum hætti og tryggja að nemendur	Sjáum fyrir okkur að skólaráð væri heppilegt teymi í svona vinnu og að nemendur taki þátt í að kynna niðurstöður	Maí 2014	Maí 2015	Skólastjóri	Byrjað í kynningu á fundi skólaráðs

þekki niðurstöður mats og kannana sem þeir taka þátt í:					
Setja í umbótaáætlun hvernig og hvenær er hugað að mati á umbótum sem hafa verið gerðar:	Það komi fram í sjálfsmatsáætlun	September 2014	Nóvember 2014	Stjórnendur	
Nám nemenda með sérþarfir:					
Skipulag og umsjón vegna nemenda með sérþarfir ætti að vera hjá einum aðila sem hefur sérfræðiþekkingu:	a)Auglýsum reglulega eftir sérkennara en það hefur engan árangur borið, höldum því áfram	Mars 2014	Maí 2015 og áfram	Skólastjóri	Byrjað
	b)Samstarf milli skólastiga verður aukið, verið er að samræma form á einstaklingsáætlunum, þær verða eins í öllum skólanum frá hausti 2014	Febrúar 2014	Október 2014	Kennarar	Byrjað
Leita þarf frekari leiða til að skapa námsumhverfi innan bekkjarins sem	Það verður gert með stuðningi inn í bekk og með markvissum	Haust 2013	Maí 2015	Kennarar og skólastjórnendur	Byrjað

gerir nemendum með sérþarfir kleift að vera virkir þátttakendur og eiga hlutdeild:	félagslegum stuðningi hjá námsráðgjafa og með ART þjálfun í smáum sem stórum hópum. Tæpur helmingur kennara skólans hefur farið á ART námskeið og höfum við verið að tileinka okkur þær aðferðir sem í því prógrammi eru kynntar og munum halda því áfram				
Leggja aukna áherslu á að efla námslegan þátt í tengslum við nemendur með sérþarfir:	Teljum okkur sinna því ágætlega en með samræmdum einstaklingsnámskrám verður sú vinna sýnilegri og markvissari	Febrúar 2014	Maí 2015	Skólastjórnendur	Byrjað
Skrá hvernig bregðast eigi við niðurtstöðum skimana og mats:	Það verður sett inn í sjálfsmatsáætlun skólans	Júní 2014	Ágúst 2014	Skólastjórnendur	Byrjað